

## NaNO Fréttabréf – Febrúar 2016

### Hvað höfum við gert í nóvember, desember og janúar?

Síðara skipti námskeiðs fyrir grunnskólakennara Barnaskóla Eyrarbakka og Stokkseyrar í samstarfi við Árborg fór fram og var efnið möguleikar upplýsingatækni í náttúrufræðikennslu.

Unnið var áfram að undirbúningi *FIRST* LEGO League keppinnar í samstarfi við VoN og MarkSam. Keppnin var haldin í Háskólabíói laugardaginn 14. nóvember sl. [Sjá t.d. hér á vef HÍ.](#)

NaNO fór með hóp náttúrufræðikennara á ASE (The Association for Science Education) ráðstefnu í Birmingham í byrjun janúar. Í heild fóru 12 náttúrufræðikennarar úr grunn-, og framhaldsskólum saman utan. Ráðstefnan var fjölsótt og mikið úrval fyrirlestra og vinnustofa mátti finna. Hópurinn sótti fjölbreytt erindi, sum þess eðlis að þau styrktu þekkingu þeirra í þeirra fagi og nýjum vísinum, meðan önnur fjölluðu um kennsluaðferðir, kennslugögn og námsmat. Þessi fjölbreytni var af hinu góða. Þátttakendur voru sammála um að þátttaka á ráðstefnunni hafi verið innspýting í kennslu þeirra.

Undirbúningur námskeiðs fyrir náttúrufræðikennara með styrk frá Endurmenntunarsjóði grunnskóla sem haldið er á vormisseri 2016 er langt komið. Námskeiðið er unnið í samstarfi við Kópavogsbæ og Mosfellsbæ og aðlagað að þörfum náttúrufræðikennara innan þessara sveitarfélaga. Ákveðið hefur verið að áherslan á námskeiðinu verið verklegt nám og útikennsla á miðstigi.

Formlegt mat á námskeiðinu *Náttúruvísindi á 21. öld* lauk með útgáfu skýrslu. Námskeiðið var við Menntavísindasvið HÍ vorönn 2014. [Skýrslan er aðgengileg hér.](#) Vinnan var styrkt af Kennslumálasjóði HÍ. Námskeiðið er nú kennt í þriðja skipti á yfirstandandi önn með aðkomu verkefnastjóra NaNO

Unnið hefur verið áfram að *NaNO Gagnabanka*, nú aðallega með Við setjum fleiri kennslueiningar í bankann ásamt því að vinna að frekari útfærslu á útliti og tæknilegum atriðum.

- Við fáum til liðs við okkur starfandi kennara til að prófa verkefnið í sinni kennslu og endurbæta gagnabankann eftir ráðleggingum frá þeim.
- Sérfræðingar lesa yfir texta verkefnanna í bankanum.

Ester hefur verið í barneignarleyfi frá og með 9. nóvember sl.

## Hvað er framundan?

Vinna áfram að *NaNO Gagnabanka*. Við setjum fleiri kennslueiningar í bankann ásamt því að vinna að frekari útfærslu á útliti og tæknilegum atriðum.

Vinna áfram að endurmenntunarnámskeiði fyrir kennara í Kópavogi og Mosfellsbæ.

Vinna NaNO hópsins er styrkt af Aldarafmællissjóði HÍ, Próunarsjóði námsgagna, Kennslumálasjóði HÍ, Endurmenntunarsjóði grunnskóla, Vinum Vatnajökuls og Rannsóknasjóði síldarútvegsins.

Birgir U. Ásgeirsson, Ester Ýr Jónsdóttir og Svava Pétursdóttir

**NaNO**  
Náttúruvísindi á nýrri öld